

um fjölgun hæstaréttardómara.

Fhm.: Jóhann G. Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita nú þegar ákvæðum hæstaréttarlaganna og heimild fjárlaganna um, að hæstaréttardómarar skuli vera fimm.

Ástæður.

Eins og vitað er, greinist stjórnvaldið í þrennt, löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Allir eru þættir þessir mikilvægir, og veltur á miklu, að á milli þeirra sé greint, en sérstaklega er það áriðandi fyrir pólitíska siðmenningu einnar þjóðar, að dómsvaldið sé öruggt og óháð í gerðum sínum gagnvart hinum tveimur þáttum stjórnvaldsins, sem og áhrifavaldi þegnanna. Dómsvaldið ákveður um réttmæti gerða eða vangerða þegnanna, sker úr um rétt þeirra og skyldur hvers gagnvart öðrum og gagnvart framkvæmdarvaldinu. Meðferð dómsvaldsins og framkvæmd segir því að verulegu leyti til um, hvort þjóðfélagið er réttarþjóðfélag eða hvort þegnarnir eiga að húa við öryggisleysi um allan rétt sinn, enda er svo talið, að af því, hvernig skipan og meðferð þjóðríkis sé á réttarfarsmálunum, megi glögglega marka, hvernig siðgæðislegum lyndiseinkunnum þjóðarinnar sé farið.

Það skiptir því ekki litlu fyrir hvert þjóðfélag, að búið sé þannig að dómsvaldinu í landinu, og þá ekki sízt æðsta dómstól landsins, að þegnarnir finni til öryggis í honum og hliti ákvörðunum hans hispurslaust. Ber því að vanda sem mest um byggingu þessa valds og allan aðhúnað með sérhverri þjóð, sem menningarþjóð vill kallast, en fyrst og fremst verður að vera vandað til þessa, ef þjóðin er lítil, sundurleit og valdi kunningsskaparins er hætt við að ræða miklu með henni, en þannig er þessu, að talsverðu leyti, farið með þjóð vora. Verður því að telja það hina fyllstu skyldu þjóðarinnar að húa svo um æðsta dómstólinn, hæstarétt, að hann geti og verði jafnan hið helga vé þjóðarinnar, sem jafnvel þeir, er engu vilja annars lúta, beygi höfuð sín fyrir.

Svo sem kunnugt er, hefur nú um nokkurt skeið ríkt friður um þennan æðsta dómstól landsins, og er það vel farið, enda skipan hans — svo langt sem hún nær — og hættir á þann veg, að erfitt mundi út á að setja. En hins er skemmst að minnast, að þau eru ekki mörg árin, síðan pólitískar deilur voru háðar um hæstarétt. Hér skal ekki út í það farið, hvort deilur þessar voru á rökum byggðar eða ekki, en um hitt geta menn ekki efazt, að deilur þessar voru þjóð vorri til lítils sóma og báru vott um skort á pólitískri siðmenningu. En einmitt nú, þegar hæstiréttur er að allra dómi skipaður hinum ágætustu og lærðustu dómendum og engar deilur ríkja um réttinn, virðist það ekki liggja fjarri að nota þennan tíma til þess að tryggja framtíð hans og hindra það, að deilur og vafi um gerðir hans geti risið með þjóðinni.

Eitt af því, sem flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu telur að gangi í þessa átt, er að nota heimild gildandi laga til þess að fjölga í réttinum um tvo menn, svo að dómara réttarins verði fimm. Í hæstaréttarlögunum er gert ráð fyrir, að dómara séu fimm, og virðist það vera í fyllsta máta eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, hversu þjóðin er fámenn og kunningsskapurinn mikils ráðandi, og svo hins, hvað hér var á undan gengið. Voru dómendur réttarins og í upphafi svo margir. Þá virðist og sú ákvörðun hæstaréttar, að láta ágreining dómara koma fram í dómsuppsögu, styðja að því, að dómurum sé fjölgað.

Fjárhagsástæður munu að mestu hafa valdið því, að dómara hæstaréttar eru ekki fleiri en þrír. Er það næsta furðulegt, að löggjafarvaldið skuli hafa, jafnvel þótt illa áraði, látið nokkrar krónur fleiri eða færri hafa getað ráðið því, hvort dómara væru þrír eða fimm, en sú skoðun löggjafans, að heilbrigðara sé, að dómara þrír séu heldur en þrír, kemur greinilega fram í hæstaréttarlögunum og hinni árlegu heimild ríkisstjórnarinnar í fjárlögunum til þess að greiða laun tveimur dómurum til viðbótar. Virðist það vera nokkuð hæpið að láta fjárhagsástæður hafa áhrif, þegar um skipan æðsta dómstóls landsins er að ræða, en hvað sem því líður, verður varla hægt að telja þá ástæðu vera fyrir hendi nú.

Að þessu athuguðu og svo því tvennu, að þjóðin er nú að taka að sér alla stjórnskipan landsins og hinu, að augu stórþjóðanna fylgjast nú mjög svo vel með gerðum okkar og allri stjórnskipun, en meðferð og skipun dómsvaldsins í landinu er glögg sýnishorn hinnar pólitísku siðmenningar vorrar, virðist það vera einnig af þessum ástæðum mjög vel til fallið að gera þessa fjölgun á dómurum hæstaréttar, sem tilagan fer fram á og heimildir virðast vera fyrir.